



## **16. fundur Foreldraráðs Naustatjarnar og skólastjórnenda, haldinn 1. júlí 2020 kl. 15:00 á Naustatjörn.**

Fulltrúar foreldra í Foreldraráði eru Kjartan Sigurðsson (VV) og Steinunn Karlsdóttir (VV). Fulltrúar Naustatjarnar í Foreldraráði eru Jónína Hauksdóttir skólastjóri og Aðalheiður Hreiðarsdóttir aðstoðarskólastjóri, mættu allir fulltrúar.

### **Dagskrá fundar:**

#### **Skipting verka í Foreldraráði.**

Steinunn Karlsdóttur tekur að sér formennsku, Kjartan Sigurðsson er varaformaður, nýr aðili sem mun bætast við verður meðstjórnandi og skólastjórnendur taka að sér starf ritara. Auglýst verður eftir nýjum fulltrúa foreldra svo foreldraráð verði fullskipað frá hausti.

#### **Hlutverk Foreldraráðs.**

Jónína afhendir fundarmönnum 11. grein úr lögum um leikskóla nr. 90 frá 12. júní 2008. Þar kemur fram hvert hlutverk Foreldraráðs er. Þessi grein er lesin yfir.

#### **Starfsreglur Foreldraráðs.**

Foreldraráð fór yfir eldri starfsreglur og uppfærði þær lítillega.

- Fjöldi funda. Einn fundur er í október og einn fundur er í febrúar/mars ár hvert. Annars er boðað til fjárfunda eftir þörfum. Bæði fulltrúar foreldra og skólastjórnendur geta boðað til aukafunda.
- Aðgengi annarra foreldra að fundargerðum. Fundargerðir hvers fundar eru sendar foreldraráði til samþykktar. Eftir samþykkt eru fundargerðir settar á heimasíðu skólans og slóð send til foreldra í netpósti. Því eru fundargerðir aðgengilegar öllum foreldrum.
- Mál til umsagnar. Foreldraráð gefur m.a. umsagnir um Skólanámskrá, Foreldrahandbók og skóladagatal. Einnig um allar meiri háttar breytingar á skólastarfinu.

#### **Drög að skóladagatali 2020 - 2021.**

Jónína afhendir fundarmönnum 3. drög að skóladagatali 2020 - 2021. Drögin eru lesin yfir og samþykkir Foreldraráð drögin fyrir sitt leyti.

Umræða fór fram um hvort ástæða sé til að fækka þeim skiptum sem foreldrar eru boðaðir inn í skólann en ekki eiga allir gott með að komast frá vinnu. Nokkuð rætt um fyrirkomulag vorboða og vorhátíðar og er foreldraráð spenntara fyrir því að hafa minni hópa en stærri þegar foreldrar fá boð um að koma í skólann. Ánægja er með fyrirkomulag Jólaverkstæðis.

Ábending kom fram um að nefna afa og ömmu boði febrúar annað hvort vinaboð eða fjölskylduboð því ekki eiga öll börn afa eða ömmu hér í bæ.

#### **Önnur mál.**

Umræður um áhrif Covid – 19 á starf skólans. Ánægja var með fyrirkomulag móttöku meðan á samkomubanni stóð, mögulega er þetta fyrirkomulag eitthvað sem skólinn ætti að skoða að taka upp aftur.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:50

Jónína Hauksdóttir.